

MAGNÚS THORODDSEN, fyrrv. hæstaréttardómari.

SILUNGAKVÍSL 23 – 110 REYKJAVÍK – TEL. 5671555 – GSM 8994815, E-MAIL: m.thor@simnet.is

Reykjavík, 1.nóvember 2010.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,


150 Reykjavík.

Umsögn:

Með bréfi til undirritaðs, dags. 19. október 2010, óskaði háttvirt Allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn minni um frumvarp til laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, 2. mgr. 165 gr. ,10 mál, gagnsæi í dómum Hæstaréttar.

1. Í lagafrumvarpi þessu segir: “ Sé frummælandi í minni hluta skulu þeir dómáramar sem mynda meiri hluta ákveða hver þeirra skuli semja atkvæði að dómi.”
Ég tel eðlilegra og skilvirkara, að það sé Forseti Hæstaréttar einn, sem ákveði, hver dómara semji atkvæði að dómi í slíku tilviki.
2. Í frumvarpinu segir ennfremur: “Við birtingu dóma skal koma fram hver samið hafi dómsatkvæði þegar fleiri en einn eiga aðild að því.”
Þegar dómari hefir samið drög að dómsatkvæði og það er lagt fyrir dómarafund til umræðu, er það alls ekki alltaf, að dómáramar séu sammála um rökstuðninginn, enda þótt þeir séu einhuga um sjálfa niðurstöðuna. Einn dómari kann að vilja fella niður ákveðinn hluta úr rökstuðningnum, annar vill breyta orðalagi, hinn þriðji kann að vilja auka við rökstuðninginn eða hækka eða lækka tildæmdar skaðabætur. Fyrstu drög dómsatkvæðis kunna því að taka talsverðum breytingum eftir umræður á dómarafundum og því þeim mun meiri sem fundir verða fleiri. Hver hefir þá samið hið endanlega dómsatkvæði? Hver er höfundurinn? Hér er því ekki allt sem sýnist um gagnsæið. Það segir því ekki alla söguna hér, enda þótt eins manns sé getið sem frummælanda, andstætt því sem á sér stað, þegar um sératkvæði er að ræða, þar er ekki deilt um faðernið. Ég taldi rétt að vekja athygli háttvirtrar Allsherjarnefndar á þessu álitaefni, því að það segir ekki alltaf allt í þessum efnum, að geta nafns eins dómara.

Virðingarfyllst,


Magnús Thoroddsen.